

Fimmtudaginn 26. febrúar 1998.

Nr. 305/1997.

Flói ehf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

Ými ehf.

(Sigurbjörn Magnússon hrl.,

Kristinn Bjarnason hdl.)

og gagnsök

Skip. Kaupsamningur. Veiðiheimildir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1997. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði 19.197.144 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 13. janúar 1997 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að kaupsamningi sínum og gagnáfrýjanda frá 9. janúar 1995 um vs. Egil, BA-468, skipaskrárnúmer 1195, verði vikið til hliðar og umsamið kaupverð ákveðið 32.197.144 krónur í stað 13.000.000 króna og gagnáfrýjanda gert að greiða mismuninn, 19.197.144 krónur, með dráttarvöxtum svo sem í aðalkröfu. Til þrautavara krefst hann þess, að kaupverð verði ákveðið 27.027.376 krónur í stað 13.000.000 króna og gagnáfrýjandi greiði mismuninn, 14.027.376 krónur, á sama veg og í aðal- og varakröfu. Til þrautþrautavara krefst hann þess, að kaupverð verði ákveðið 24.602.460 krónur og gagnáfrýjanda gert að greiða mismun þess og umsamins kaupverðs, 11.602.460 krónur, með dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. september 1997. Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en um málskostnað. Krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Höfuðstóll aðalkröfu aðaláfrýjanda er í héraðsdómi ranglega talinn nema 21.550.164 krónum. Er þar um upphaflega aðalkröfu hans að ræða, en fyrir málflutning í héraði hafði hann lækkað kröfu sína í

það horf, sem hún er fyrir Hæstarétti. Prautavarakrafa er hins vegar ný krafa hér fyrir réttinum.

I.

Með kaupsamningi 9. janúar 1995 seldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda vs. Egil, BA-468, skipaskrárnúmer 1195, en þetta er 23 tonna eikarbátur. Ber hann nú nafnið vs. Hallgrímur Ottósson, BA-39. Var báturinn afhentur sama dag og afsalað 7. apríl sama ár. Í kaupsamningi og afsali segir: „Báturinn selst án aflahlutdeildar, en með veiðiheimild. Kaupanda er skylt að færa á bátinn aflahlutdeild, sem nægi til þess, að seljandi fái heimild veðhafa til þess að færa núverandi aflahlutdeild af bátnum.“ Í stað báts síns keypti aðaláfrýjandi um sama leyti 30 tonna stálbát, og ber hann nú sama nafn og ein-kennisstafi og eldri báturinn, en skipaskrárnúmer hans er 1611. Samkvæmt afsali 10. mars 1995 var hann einnig seldur án aflahlutdeildar, en með veiðiheimild. Var aflahlutdeild eldri bátsins færð á þennan nýja bát. Fyrir kaupin hafði gagnáfrýjandi átt tvo fiskibáta, og var annar þeirra eikarbátur, sem hann lét úrelða.

Pegar kaup þessi voru gerð, var í gildi svokölluð línutvöföldunarregla samkvæmt 6. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Samkvæmt reglunni skyldi fiskur, sem veiddist á línu í nóvember til febrúar, aðeins að hálfu talinn innan aflamarks, þangað til sameiginlegur afli í þorski og ýsu á þetta veiðarfæri hefði náð 34.000 tonnum miðað við óslægðan fisk. Með lögum nr. 105 frá 19. júní 1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 var þessi regla afnumin frá og með fiskveiðiárinu 1996/1997 samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða. Í stað hennar skyldi úthluta viðbótaraflahlutdeild til þeirra skipa, sem stundað höfðu línuveiðar fiskveiðiárin 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996. Skyldi „samanlögð viðbótaraflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línuafla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af þorski og ýsu og úthlutaðs heildaraflamarks af sömu tegundum á sömu árum að viðbættum samanlögðum hálfum línuafla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endur-reiknuð að teknu tilliti til þessa“. Átti þessi viðbótaraflahlutdeild línuveiðiskipanna að skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af hvorri tegund, sem ekki hafði talist til aflamarks vegna línutvöföld-

unarreglunnar á tveimur bestu af þessum þremur fiskveiðiárum. Gagnáfrýjandi hafði ekki stundað línuveiðar þann hluta viðmið-unartímabilsins, sem báturinn var í hans eigu. Viðbótaraflahlut-deildin var því öll ákvörðuð á grundvelli veiðireynslu bátsins, meðan hann var í eigu aðaláfrýjanda.

Í reglugerð nr. 362/1996 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, ákvæði til bráðabirgða, var ákveðið að takmarka veiðar á steinbít og langlúru og úthluta skipum bráðabirgðaaflahlutdeild af þessum tegundum á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. júní 1993 til 31. maí 1996. Gagnáfrýjandi hélt vs. Hallgrími Ottóssyni ekki út til steinbítsveiða með línu á eignarhaldstíma sínum á bát-nu innan þessa viðmiðunartíma. Bráðabirgðaaflahlutdeildin var því ákvörðuð á grundvelli veiðireynslu bátsins, meðan hann var í eigu aðaláfrýjanda.

Pótt viðbótaraflahlutdeildin vegna afnáms línutvöföldunarinnar og bráðabirgðaaflahlutdeildin í steinbít væru byggðar á veiðireynslu skipsins, meðan það var í eigu aðaláfrýjanda, var þessari aflahlut-deild allri úthlutað gagnáfrýjanda, þar sem hann var þinglýstur eig-andi bátsins, og var talið, að það væri skylt, með vísun til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990. Aðaláfrýjandi mótmælti þessum úthlutunum til gagnáfrýjanda án árangurs og fullyrðir, að hann hafi fengið þau svör hjá Fiskistofu, að hann gæti ekki fengið þessa aflahlutdeild án at-beina gagnáfrýjanda. Heldur aðaláfrýjandi því fram í málinu, að öll veiðireynsla bátsins hafi fylgt aflahlutdeild hans og þannig ekki fylgt með í kaupunum samkvæmt áðurgreindu ákvæði kaupsamningsins. Er aðalkrafa hans á þessu reist. Verði svo ekki talið, heldur hann því fram, að forsendur séu brostnar fyrir kaupunum og samkvæmt ákvæði 1., sbr. 2. mgr., 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, um-boð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, megi breyta ákvæði kaupsamningsins um kaupverðið. Varakröfur hans eru reist-ar á þessum síðargreindu sjónarmiðum. Gagnáfrýjandi telur hins vegar, að samkvæmt kaupsamningnum hafi allar veiðiheimildir fylgt bátnum nema þegar úthlutað aflahlutdeild í þorski og ýsu.

II.

Úrlausn máls þessa ræðst af skýringu á framangreindu ákvæði kaupsamnings aðila, skoðuðu í ljósi laga um stjórn fiskveiða nr. 38/

1990, og bráðabirgðaákvæðis reglugerðar nr. 362/1996, sem sett var með heimild í þeim lögum. Ekki reynir á það í málinu, hvort úthlutun stjórnvalda á umdeildri aflahlutdeild í þorski, ýsu og steinbít fór að réttum reglum, þar sem íslenska ríkinu er ekki stefnt í málinu og aðila greinir ekki á um, að formlega hafi verið rétt staðið að úthlutuninni.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 segir, að við eigendaskipti að fiskiskipi fylgi aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað. Aðilar eru sammála um, að í kaupsamningi sínum hafi falist, að veiðileyfi bátsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, hafi átt að fylgja honum. Hins vegar var öll aflahlutdeild bátsins, sem úthlutað hafði verið samkvæmt 2. mgr. 7. gr. í þorski og ýsu, færð yfir á nýkeyptan bát í eigu aðaláfrýjanda og fylgdi ekki með í kaupunum samkvæmt ákvæðum sammingsins. Línutvöföldunin, sem áður er á minnst og felld var niður með lögum nr. 105/1996, gildi aðeins fyrir skip, er höfðu aflamark á grundvelli aflahlutdeildar í þorski og ýsu. Hagnýting tvöföldunarreglunnar var þannig þáttur í takmörkuðum veiðum, en ekki frjálsum.

Samkvæmt framansögðu skertist aflaheimild aðaláfrýjanda við gildistöku laganna. Úthlutun viðbótar aflahlutdeildar samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna var samkvæmt gögnum málsins ætluð til að koma til móts við þessa skerðingu, og var hún reiknuð út frá veiðireynslu aðaláfrýjanda. Rétt er því að skýra kaupsamning aðila svo, að línutvöföldunin hafi færst yfir á nýkeyptan bát aðaláfrýjanda ásamt aflahlutdeildinni og sú uppbót, sem koma skyldi fyrir skerðingu vegna niðurfellingar línutvöföldunarinnar, hafi því átt að koma honum að notum.

Samkvæmt kaupsamningi aðila átti veiðileyfi bátsins að fylgja honum. Það merkti samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna, að eftir eigendaskiptin voru bátnum allar veiðar frjálsar aðrar en af fisktegundum, sem sættu takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Verður því ekki talið, að gagnáfrýjandi hafi eingöngu verið að kaupa skipið sjálft. Lokamálsgrein bráðabirgðaákvæðis um bráðabirgða aflahlutdeild í steinbít og langlúru í reglugerð nr. 362/1996 hljóðar svo: „Hafi veiðileyfi verið flutt milli skipa, fylgir aflareynslan veiðileyfinu.“ Við gerð kaupsammingsins var öllum, sem höfðu veiðileyfi, frjálst að veiða steinbít. Í kaupsamningnum segir ekkert um, hvern-

ig fara skuli með aflareynslu bátsins á fisktegundum, sem ekki sættu takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Þar sem veiðileyfi fylgdi bátnum og aflareynsla hafði ekki verið sérstaklega flutt af skipinu við sölua, verður aðaláfrýjandi ekki án skýrs ákvæðis í kaupsamningi talinn hafa sannað, að aflareynsla af steinbít hafi verið undanskilin kaupnum og gagnáfrýjanda mátt vera ljóst, að skilningur hans væri á þann veg.

Gera verður ráð fyrir því, að aðilar hafi metið veiðileyfið til fjár í kaupum sínum. Við kaupsamninginn stóðu þeir jafnt að vígi til að meta, hver líkindi væru á því, að veiðar yrðu takmarkaðar í steinbít. Þar sem gagnáfrýjandi hafði úrelt bát sinn, hlaut það að vera forsenda hans við kaupin að fá bát með veiðileyfi, og mátti aðaláfrýjandi gera sér grein fyrir því.

III.

Eftir framansögðu verður kaupsamningurinn skilinn svo, að aflareynsla aðaláfrýjanda af steinbít hafi átt að fylgja bátnum, og verður ekki talið, að kaupverði bátsins verði nú breytt, með vísun til 1., sbr. 2. mgr., 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, þessa vegna. Hins vegar er á það fallist með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi samkvæmt kaupsamningnum átt að veita honum atbeina sinn, til að hann fengi úthlutað aflahlutdeild þeirri, sem átti að koma á móti niðurfellingu línutvöföldunar. Gagnáfrýjandi verður þannig ekki talinn hafa efnt kaupsamninginn að fullu, og ber aðaláfrýjanda að fá bætur þess vegna, svo sem hann hefur krafist samkvæmt aðalkröfu.

Fjárhæð aðalkröfu er studd matsgerð sérfróðs manns, sem dagsett er 2. desember 1996. Er þar miðað við, að aflahlutdeild í þorski fiskveiðiárið 1996/1997, sem gagnáfrýjandi fékk í sinn hlut vegna niðurfellingar á línutvöföldun og nam 0,0200467%, hafi ásamt aflamarki 24.881 kg selst fyrir 14.182.170 krónur. Aflahlutdeildin í ýsu þetta fiskveiðiár, sem nam 0,0030442%, hafi ásamt aflamarki 1.042 kg selst á 127.124 krónur. Lögmaður aðaláfrýjanda óskaði eftir því við Fiskistofu 18. desember 1996, að stofnunin reiknaði út, hver hefði orðið viðbótarhlutdeild í þorski og ýsu, ef línuafli skipanna Egils, BA-468 (nr. 1611), og Hallgríms Ottóssonar, BA-39 (nr. 1195), hefði verið afli eins skips. Í svari Fiskistofu 7. janúar 1997 kemur fram, að hefði afli skipanna verið afli eins skips, hefði viðbótaraflla-

hlutdeild annarra skipa vegna línuveiða orðið hærri en hún varð. Að teknu tilliti til þessa reiknar Fiskistofa út, að viðbótarafhlutdeild í þorski hefði numið 0,0407519% og í ýsu 0,0038614%. Rétt þykir að miða fjárhæð bóta við þá aflahlutdeild og það aflamark, sem aðaláfrýjandi hefði fengið, hefði gagnáfrýjandi efnt samninginn réttilega. Til að finna út tjón aðaláfrýjanda af því að fá ekki viðbótarafhlutdeildina til sín verður að draga það, sem hann fékk úthlutað á bátinn Egil, BA-468 (nr. 1611), en það nam samkvæmt gögnum málsins 0,0302309% af þorski og 0,0019415% af ýsu, frá viðbótarafhlutdeild þeirri, sem Fiskistofa hefur þannig reiknað út. Aðaláfrýjandi hefur þannig misst 0,0105210% aflahlutdeild í þorski og 0,0019199% aflahlutdeild í ýsu, sem hefði gefið 13.058 kg aflamark í þorski þetta fiskveiðiár og 657 kg aflamark í ýsu. Aðaláfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt útreikning sinn á verðmæti þessa mismunar á viðbótarafhlutdeild samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns. Mat hans hefur ekki verið hrakið, en hann miðar við, að 570 krónur hafi fengist fyrir kg af aflahlutdeild ásamt aflamarki í þorski og 122 krónur fyrir kg í ýsu. Nemur verðmætið 7.523.214 krónum samkvæmt þessum útreikningi. Gagnáfrýjandi hefur ekki gert tölulegar athugasemdir við útreikninginn, þótt deilt sé um verð og tímamark útreikningsins. Þar sem aðaláfrýjandi er talinn hafa misst af þannig útreiknaðri aflahlutdeild, verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða honum þessa fjárhæð með vöxtum frá stefnubirtingu málsins í héraði, svo sem hann hefur krafist og nánar kemur fram í dómsorði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar kveður á um í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Ýmir ehf., greiði aðaláfrýjanda, Flóa ehf., 7.523.214 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. janúar 1997 til greiðsludags og 700.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1997.**I.**

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 13. 1. 1997. Málinu var úthlutað héraðsdómara 2. mars sl. og tekið fyrir 20. s. m. Því var frestað til frekari gagnaöflunar til 10. apríl, en þann dag var aðalmeðferð þess ákveðin 15. maí. Fór hún fram, og var málið dómtekið.

Stefnandi er Flói ehf., kt. 480885-0159, Mýrum 16, 450 Patreksfirði.

Stefndi er Ýmir ehf., kt. 430792-2539, Dalbraut 18, Bíldudal.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 21.550.164 kr. auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð samkvæmt 10. gr. og 12. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 13. janúar 1997 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að fá vikið til hliðar kaupsamningi við stefnda, dags. 9. janúar 1995, um vs. Egil, BA-468, skipaskrárnúmer 1195, eða honum breytt, að því er varðar umsamið kaupverð skipsins, þannig, að kaupverð verði ákveðið 32.197.144 kr. í stað 13.000.000 kr., og stefnda verði gert að greiða stefnanda ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs skipsins, að fjárhæð 19.197.144 kr., auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá því að mál þetta telst höfðað í skilningi 93. gr. laga nr. 91/1991 til greiðsludags.

Til þrautavara er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að fá vikið til hliðar kaupsamningi við stefnda, dags. 9. janúar 1995, um vs. Egil, BA-468, skipaskrárnúmer 1195, eða honum breytt, að því er varðar umsamið kaupverð skipsins, þannig, að kaupverð verði ákveðið 24.602.480 kr. í stað 13.000.000 kr., og stefnda verði gert að greiða stefnanda ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs skipsins, 11.602.480 kr., auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, svo sem greinir í varakröfu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt sérstökum málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins, eða samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði alsýknaður af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda skv. mati réttarins.

II.*Málsatvik.*

Stefnandi hefur um árabíl átt og gert út fiskiskip frá Patreksfirði. Um hefur verið að ræða fiskiskip af stærðinni 20–30 rúmlestir.

Með kaupsamningi, dags. 9. janúar 1995, seldi stefnandi stefnda 23 tonna eikarbat, mb. Egil, BA-468, skipaskrárnúmer 1195, sem nú ber nafnið Hallgrímur Ottósson, BA-39. Í kaupsamningi segir m. a.: „Báturinn selst án aflahlutdeildar, en með veiðiheimild. Kaupanda er skylt að færa á bátinn aflahlutdeild, sem nægi til þess, að seljandi fái heimild veðhafa til þess að færa núverandi aflahlutdeild af bátnum.“

Kaupverð var 13.000.000 kr., og var báturinn afhentur við undirritun kaupsamnings. Stefnandi afsalaði bátnum stefnda með afsali, dags. 7. apríl 1995.

Pegar kaup þessi voru gerð, var í gildi svokölluð línutvöföldunarregla skv. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990, en skv. henni skyldi fiskur, sem veiddist í mánuðunum nóvember til febrúar, aðeins að hálfu talinn til aflamarks, þangað til sameiginlegur línuaflí í þorski og ýsu hefði náð 34.000 tonnum, m. v. óslægðan fisk.

Með lögum nr. 105 frá 19. júní 1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða var afnumin svokölluð „línutvöföldun“. Jafnframt var lögfest heimild til að úthluta viðbótar aflaheimild þeim skipum, sem stundað höfðu línuveiðar undanfarin ár. Var þessum skipum úthlutað 60% þeirra aflaheimilda, sem þannig höfðu verið veiddar (35.000 tonnum) á hverju ári í skjóli þeirra reglna, sem giltu um þessa svokölluðu „línutvöföldun“. Þessi viðbótar aflahlutdeild var ákveðin á grundvelli veiðireynslu hvers skips á línuveiðum síðustu þrjú fiskveiðiár.

Á þeim hluta þessa viðmiðunartímabils, sem skipið var í eigu stefnda, þ. e. janúar 1995 til 31. ágúst 1996, stundaði stefndi ekki línuveiðar á skipinu. Viðbótar aflahlutdeild skipsins í þorski og ýsu var því ákvörðuð á grundvelli veiðireynslu skipsins á þeim tíma, sem það var í eigu stefnanda. Á grundvelli þessarar viðmiðunar var stefnda í ágúst mánuði 1996 tilkynnt um viðbótar aflahlutdeild til skipsins, 0,0200467% í þorski og 0,0030442% í ýsu. Aflamark til skipsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem af þessari viðbótar aflahlutdeild leiddi, var 24.881 kg í þorski og 1.042 kg í ýsu, hvort tveggja miðað við slægðan fisk.

Með ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 362/1996 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997 var ákveðið að taka steinbít og langlúru inn í kvóta og úthluta bátum sérstökum veiðiheimildum í steinbít og langlúru á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. júní 1993 til 31. maí 1996. Stefndi hélt vs. Hallgrími Ottóssyni, BA-39, ekki út til steinbítsveiða með línu á eignarhaldstíma hans á bátnum innan þessa viðmiðunartímabils.

Í ágúst mánuði 1996 var stefnda sem þinglýstum eiganda bátsins úthlutað aflahlutdeild til bráðabirgða í steinbít, sem nam 0,3820634%. Hér er um að

ræða 80% endanlegrar aflahlutdeildar, og nemur aflamarkið í steinbít á grundvelli hennar á yfirstandandi fiskveiðiári 36.105 kg miðað við slægðan fisk. Hinn 26. nóvember sl. var stefnda svo úthlutað til viðbótar 0,0881513% (20%) aflahlutdeild í steinbít eða sem svarar til 8.330 kg af slægðum steinbít. Samtals var stefnda því úthlutað til skipsins 0,4702147% aflahlutdeild í steinbít, sem gefur heimild til veiða á 44.435 kg af slægðum steinbít á yfirstandandi fiskveiðiári. Þessi aflahlutdeild í steinbít var eins og viðbótarafhlutdeildin í þorskinum og ýsunni algerlega ákveðin og úthlutað á grundvelli aflareynslu skipsins, meðan það var í eigu stefnanda.

Stefnandi mótmælti þessum úthlutunum til stefnda og krafðist þess, að þær yrðu fluttar yfir á skip stefnanda, Egil, BA-468, áður Særósu. Þeim til-mælum var hafnað af Fiskistofu með þeim rökum, að til þess þyrfti samþykki hins þinglýsta eiganda skipsins Hallgríms Ottóssonar, BA-39, stefnda í máli þessu.

Með bréfi, dags. 24. september 1996, var skorað á stefnda með sömu rök-um og áður greinir að ganga til samninga við stefnanda um framsal þessara aflaheimilda til stefnanda, en ella að greiða fyrir þær eðlilegt gangverð. Stefndi hafnaði þessu með bréfi, dags. 23. október 1996.

18. nóvember 1996 var dómkvaddur matsmaður samkvæmt beiðni lög-manns stefnanda til að meta sérstaklega gangverð umræddra aflaheimilda, bæði endurgjald fyrir varanlegt framsal þeirra og leiguverð og einnig líklegt eða sennilegt söluverð skipsins, hefði það verið selt með margnefndum aflaheimildum. Var Björn Jónsson, fyrrverandi skipstjóri og starfsmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, skipaður matsmaður, og skilaði hann matsgerð, dagsettri 2. desember 1996. Niðurstaða hennar var sú, eftir að reiknuð hafði verið inn í hana viðbótarafhlutdeildin í steinbít frá 26. nóvember sl., að gangverð þessara aflaheimilda óveiddra að viðbættu leigu-verði þeirra í eitt ár næmi nú samtals 21.550.164 kr. Þá kemst hinn dóm-kvaddi matsmaður að þeirri niðurstöðu með sömu breytum og áður greinir vegna viðbótarúthlutunarinnar í steinbít frá 26. nóvember sl., að líklegt eða sennilegt söluverð skipsins á söludegi ásamt þessum aflaheimildum hefði verið 24.602.480 kr.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er til þess vísað, að stefndi hafi gert út fiskiskip frá Bíldudal með svipuðu sniði og stefnandi. Honum hafi því verið kunnar for-sendur stefnanda fyrir ákvörðun hans um sölu skipsins og um leið söluverði þess, nánar tiltekið þær, að ekki var þá annað fyrirsjáanlegt en áfram yrðu í gildi reglurnar um „línutvöföldunina“ og áfram mætti veiða steinbít utan kvóta.

Stefnandi styður aðalkröfuna þeirri málástæðu, að ekki fari milli mála, að hér hafi svo um samist, að verið væri að selja skipið eitt sér með almennu leyfi samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða til að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Báðum aðilum hafi verið fullkomlega ljóst, enda verð skipsins við það miðað, að ekki fylgdu í sölnni fiskveiðiréttindi skipsins í formi aflahlutdeildar eða aflamarks, sem skipinu á söludegi hafði verið úthlutað af stjórnvöldum, eða á það flutt á grundvelli heimilda í lögum nr. 38/1990 og/eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim lögum. Stefnandi heldur því fram, að þetta ákvæði kaupsamningsins beri að túlka á þann veg, að þetta taki ekki aðeins til úthlutaðra aflahlutdeilda til skipsins á söludegi, heldur einnig til aflareynslu skipsins á eignarhaldstíma stefnanda, sem stjórnvöld kynnu síðar að leggja til grundvallar ákvörðunum um viðbótar aflahlutdeild í þorski og ýsu til skipsins og aflahlutdeildar í steinbít, sem ekki hafði áður verið kvótabundin með þeim hætti, sem gerst hafi. Þessi túlkun á ofangreindu samningsákvæði hvíli m. a. á niðurstöðu dóms Hæstaréttar í málinu nr. 401/1994, sem upp var kveðinn 18. janúar 1996.

Ágreiningslaust sé, að umræddar stjórnvaldsáskvarðanir í kjölfar viðkomandi lagabreytinga um afnám „línutvöföldunarinnar“ og útgáfa reglugerðarinnar nr. 362/1996 hafi raskað forsendum og grundvelli kaupsamnings aðila um skipið á þann veg, að úthlutað viðbótar aflahlutdeild í þorski, ýsu og aflahlutdeild í steinbít hafi komist í hendur stefnda sem þinglýsts eiganda skipsins. Það hafi að sama skapi takmarkað aflaheimildir stefnanda frá því, sem ráð var fyrir gert, þegar kaupsamningur var gerður. Þá liggur fyrir, að stjórnvöld, þ. e. Fiskistofa, hafi lýst sig reiðubúin að flytja til stefnanda umræddar aflaheimildir, féllist stefndi sem þinglýstur eigandi skipsins á slíkt.

Forsvarsmönnum stefnda hafi verið jafnljóst og stefnanda, að forsendur hans fyrir sölnni á skipinu í janúar 1995 hafi m. a. verið þær, að ekki væri þá annað fyrirjáanlegt en óbreyttar reglur giltu áfram um línuveiðarnar og áfram mætti veiða steinbít utan kvóta. Hefðu aðilar séð fram á, að slíkar breytingar stæðu til á stjórn fiskveiða, sem að framan greinir, hefðu þeir sett inn í kaupsamninginn ákvæði, sem tekið hefði af öll tvímæli um þann samningsvilja beggja, þ. e., að aflaheimildir, sem bátnum kynni að verða úthlutað eftir gerð kaupsamningsins og afhendingu skipsins á grundvelli veiðireynslu skipsins á eignarhaldstíma stefnanda, skyldu undanskildar í sölnni eins og aðrar úthlutaðar aflaheimildir. Til stuðnings framanlýstum sjónarmiðum stefnanda megi auk framangreinds dóms Hæstaréttar í málinu nr. 401/1994 einnig benda á dóma réttarins í málum nr. 341 og 342/1992.

Sé fallist á framangreindan skilning stefnanda á kaupsamningi aðila, er talið, að stefndi hafi vanefnt samningsskyldur sínar, er hann í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 23. október 1996, hafnaði tilmælum stefnanda um að flytja á skip stefnanda sérstaka 0,0200467% viðbótarafhlutdeild í þorski, 0,003044% viðbótarafhlutdeild í ýsu, sem skipi stefnda, vs. Hallgrími Ottóssyni, BA-39, var úthlutað 15. ágúst 1996 í kjölfar afnáms „línu-tvöföldunarinnar“, og 0,4702147% aflahlutdeild í steinbít, sem skipinu var úthlutað 15. ágúst og 26. nóvember 1996, eftir að veiðar á steinbít voru teknar inn í kvóta, sbr. dskj. 16, 17 og 26, í öllum tilvikum á grundvelli aflareynslu skipsins, meðan það var í eigu stefnanda. Með þessari höfnun hafi stefndi fellt á sig bótaskyldu gagnvart stefnanda á því tjóni, sem af þessari vanefnd leiddi, og beri stefnanda því efndabætur úr hendi stefnda vegna þeirra vanefnda sem nemi gangverði þeirra aflaheimilda, er stefnda bar að skila stefnanda.

Dómkvaddur matsmaður hefur metið gangverð þeirra aflaheimilda, sem stefnandi varð af með þessum hætti. Gerir stefnandi þá kröfu á hendur stefnda, að hann greiði sér þá fjárhæð, sem þar greinir, og geri stefnanda þannig eins settan og stefndi hefði að fullu efnt samningsskyldur sínar.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður, sé varakrafa á því reist, að stefnanda sé með vísan til 36. greinar samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, og með vísan til flestra þeirra sömu efnis- og lagaraka, sem að framan greinir, heimilt að víkja til hliðar eða breyta efni kaupsamnings aðila um skipið, nánar tiltekið, að því er varðar hið samningsbundna kaupverð skipsins, á þann veg, að stefnda verði gert að greiða fyrir skipið 32.273.704 kr. í stað 13.000.000 kr., sem var hið umsamda kaupverð. Stefnda verði því gert að greiða stefnanda til viðbótar umsömdu kaupverði 19.273.704 kr., sem eru nánar tiltekið núvirði þeirra aflaheimilda, óveiddra, sem stefndi fékk úthlutað samkvæmt framansögðu á grundvelli aflareynslu stefnanda, án þess að fyrir þær kæmi endurgjald. Krafist sé dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, frá því að málið telst höfðað.

Þrautavarakrafa er studd sömu málsástæðum og lagarökum og varakrafa, en miðað er við gangverð umræddra veiðiheimilda í janúar 1995, er sala skipsins fór fram.

Bæði vara- og þrautavarakrafan miðist við það, að stefndi hafi fyrir tilverknað löggjafar- og framkvæmdarvalds fengið í hendur auk skipsins sjálfs mikil verðmæti í formi framanlýstra aflaheimilda, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir, að féllu til stefnda, þegar samningsverð var ákveðið. Þá liggi það enn fremur fyrir, að aflaheimildir stefnanda hafi nánast skerst að sama skapi og aflaheimildir stefnda hafi aukist með framanlýstum hætti. Stefndi

andi þurfi nú að láta út mikið fé, allt að þeirri fjárhæð, sem greinir í aðal-kröfu, til að gera sig eins settan og fyrir söluna á skipinu, að því er veiði-heimildir varðar. Augljóslega liggur því fyrir, að forsendur stefnanda fyrir umsömdu kaupverði skipsins séu því með öllu brostnar.

Réttur stefnanda til að fá umsömdu kaupverði skipsins breytt í framan- greinda veru sé enn fremur á því reistur með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjerna, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986 um breytingar á þeim lögum, að það sé ósanngjarnt og/eða andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnda að hafna réttmætri kröfu stefnanda um eðli-legt endurgjald fyrir þessar aflaheimildir með því að bera fyrir sig ákvæði kaupsamnings um, að samningsverð sé að fullu greitt. Framangreind laga-ákvæði eigi að tryggja, að annar samningsaðili sitji ekki uppi með órétt- mæta auðgun á kostnað viðsemjanda síns, einkum þegar verðaukinn sé til kominn, eftir að samningur komst á með þeim hætti, sem hér er raunin, þ. e. fyrir tilverknað löggjafar- og framkvæmdarvaldsins. Fyrir liggi, að sjálft samningsverðið hafi einvörðungu tekið mið af markaðsverði skipsins sjálfs með almennu veiðileyfi samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, en ekki af þeim möguleika, að stefnda tæmdust aflaheim-ildir á kostnað stefnanda. Framanlýstar lagabreytingar og ákvarðanir stjórnvalda um afnám „línutvöföldunarinnar“ og kvótasetning á steinbít hafi ekki verið fyrir sjáanlegar, er kaupsamningur komst á.

Að mati stefnanda hafi forsendum samningsins, að því er sjálft kaupverðið varði, verið stórlega raskað með umræddri breytingu. Afleiðing þess sé sú, að stefndi eigi nú aflaheimildir að verðmæti rúmlega tuttugu milljónir króna, sem hann hafi ekki greitt fyrir, en nánast þessar sömu aflaheimildir hefðu fallið til stefnanda, ef sala á skipinu hefði ekki orðið. Stefndandi búi nú að sama skapi við skertar aflaheimildir og standi frammi fyrir því að afla þeirra með kaupum og svara fyrir þær gangverði þeirra.

Fjárhæð dómkrafna hvílir á matsgerð hins dómkvadda matsmanns og einnig viðbótarúthlutun aflahlutdeildar í steinbít.

Bótakrafan samkvæmt aðalkröfunni sundurliðast þannig:

1. Gangverð 0,0200467% aflahlutdeildar í þorski	
ásamt 24.881 kg aflamarki	kr. 14.182.170
2. Gangverð 0,0030442% aflahlutdeildar í ýsu	
ásamt 1.042 kg aflamarki	– 127.124
3. Gangverð 0,4702147% aflahlutdeildar í steinbít	
ásamt 44.435 kg aflamarki	– 4.887.850
Samtals	kr. 19.197.144

Hinn tölulegi rökstuðningur fyrir varakröfunni sé sá, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að réttmætt sé að rifta kaupsamningnum, að því er umsamið kaupverð varði, og hækka það sem nemi gangverði óveiddra aflahlutdeilda skv. lið 1–3 hér að framan, þ. e. um 19.197.144 kr. í 32.197.144 kr. í stað 13.000.000 kr., og dæma stefnda til greiðslu á mismuninum.

Til vara er gerð krafa um, að kaupverð skipsins verði hækkað sem nemi gangverði aflahlutdeildanna á söludegi skipsins í janúar 1995, þ. e. um 11.602.480 kr. í 24.602.480 kr. í stað 13.000.000 kr., og dæma stefnda til greiðslu á mismuninum.

Krafist sé greiðslu dráttarvaxta, hvort sem sé af bótafjárhæð eða hækkun söluverðs skipsins, frá því að málið telst höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er á það bent, að þegar viðskipti aðila voru gerð, hafi veiðar á steinbít ekki verið háðar reglum um aflahlutdeild eða kvóta að undanskildum árunum 1984–1986.

Stefnandi hefur ekki látið reyna á, hvort ákvörðun Fiskistofu stæðist, hvorki fyrir æðra stjórnvaldi né dómstólum, vegna úthlutunar aflahlutdeilda í þorski, ýsu og steinbít. Virðist því sem stefnandi hafi sætt sig við ofangreinda niðurstöðu.

Stefndi mótmælir því, sem fram kemur í málavaxtalýsingu í stefnu, að honum hafi verið einkar vel kunnar forsendur stefnanda fyrir ákvörðun um sölu skipsins, þ. e., að ekki væri annað fyrirsjáanlegt en reglur um línutvöföldun og frjálssar veiðar á steinbít yrðu áfram í gildi. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að línutvöföldunin hafi verið afnumin fyrirvaralítið.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að hann hafi keypt bátinn með veiðiheimild eða veiðileyfi, eins og í kaupsamningi greini. Þessi hugtök séu skýr lagahugtök og bæði skilgreind í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

Aflahlutdeild sé skilgreind í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, en veiðiheimild eða veiðileyfi í 4. gr. sömu laga. Aflahlutdeild sé varanleg aflaheimild skips og sé hlutdeild í leyfðum heildarafla viðkomandi fisktegundar á hverju fiskveiðiári. Hafi skip almennt veiðileyfi, hafi það leyfi til þess að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland á þeim tegundum, sem ekki sæti takmörkunum skv. öðrum ákvæðum laganna, m. a. þeim, sem háðar séu ákvæðum um aflahlutdeild og aflamark.

Með því að kaupa bátinn með veiðileyfi hafi stefndi jafnframt verið að kaupa þá aflareynslu, sem báturinn hafði áunnið sér í tíð fyrri eigenda, ef til þess kæmi, að hún yrði notuð sem viðmiðun við úthlutun aflamarks. Allt frá því að kvótakerfið var tekið upp 1984, hafi framkvæmdin verið sú, að

aflareynsla hafi fylgt veiðileyfi bátsins, nema annað hafi skýrlega verið tekið fram í kaupsamningi. Þetta hafi báðum samningsaðilum verið ljóst, enda báðir um árábil átt og gert út fiskiskip.

Af hálfu stefnda sé því eindregið mótmælt, að skilja beri ákvæði kaupsamningsins á þann hátt, að í hlut stefnanda hafi átt að falla aflareynsla skipsins á eignarhaldstíma stefnanda, ef til þess kæmi, að slík reynsla yrði notuð til grundvallar úthlutun aflahlutdeildar, og að báðum aðilum hafi verið þetta ljóst. Til þess að svo hefði mátt vera, hefði orðið að kveða skýrt á um það í kaupsamningi. Þá sé í þessu sambandi rétt að vísa til þess, að hefði stefnandi selt bátinn Þróunarsjóði sjávarútvegsins til úreldingar, sbr. lög nr. 92/1994, hefði hann ekki getað gert kröfu um að fá aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu á eignarhaldstíma sínum, þar sem hann var búinn að selja veiðileyfið eða veiðiheimildina og veiðirétturinn því niður fallinn, en aflareynslan fylgir veiðiréttinum, sbr. það, sem rakið var í málavaxtalýsingu um niðurstöðu Fiskistofu.

Með lögum nr. 105/1996 frá 19. júní 1996, sem tóku gildi 1. september s. á., hafi línutvöföldunarreglan verið afnumin. Til þess að koma til móts við þau skip og báta, sem höfðu stundað þessar veiðar, hafi þeim skv. bráðabirgða-ákvæði II verið reiknuð sérstök viðbótar aflahlutdeild í hlutfalli við veiddan línuafra síðustu þrjú fiskveiðitímabil (nóv.-febr.). Viðbótarhlutdeildin hafi miðast við 60% aflans, sem ekki töldust til aflamarks. Þessum afla hafi verið úthlutað á bát stefnda. Þar með hafi verið bætt skerðing, sem viðkomandi bátar eða skip hafi orðið fyrir, og reynt að gera afkomumöguleika þeirra sem líkasta því, sem þeir voru, meðan veiðarnar voru ekki háðar kvóta, sbr. nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Stefndi miði við það með vísan til ofanritaðs, að afkomumöguleikar bátsins séu svipaðir eða lakari eftir afnám línutvöföldunarinnar og frjálsra veiða á steinbít en áður þrátt fyrir úthlutun á aflahlutdeild.

Þá sé því haldið fram, að það skipti ekki máli, þótt stefnandi hafi átt bátinn tvö af þeim þremur tímabilum, sem viðbótarúthlutunin er grundvölluð á. Við úthlutun aflahlutdeildar sé byggt á bestu tveimur tímabilunum af þremur hugsanlegum. Ástæðan til þess, að notuð séu tímabilin, meðan báturinn var í eigu stefnanda, hafi verið sú, að eftir afhendingu skipsins hafi það verið sett í slipp vegna tjóns, sem á því varð. Þegar viðgerð lauk, hafi stefndi notað skipið tímabundið til annarra veiða. Það sé því í raun tilviljun, sem ráði því, að notuð hafi verið tímabil til viðmiðunar, meðan báturinn var í eigu stefnanda. Þá sé og þess að geta, að stefnandi hafi keypt annan bát 9. desember 1994, Særósu, sem nú heitir Egill, BA-468, skipaskrnr. 1611, og fengið úthlutað á þann bát með sama hætti og stefndi aflahlutdeild í þorski, ýsu og steinbít.

Stefndi mótmælir því eindregið, að við kaupin hafi verið gert ráð fyrir því, að óbreyttar reglur myndu gilda um svokallaða línutvöföldun og að áfram yrðu heimilaðar veiðar á steinbít utan kvóta. Stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi hafi undanfarna áratugi verið sífelldum breytingum undirorpið, og frá því að tekið var upp kvótakerfi, hafi það verið í sífelldri endurskoðun. Þannig sé nánast ókleift að gera ráð fyrir því við kaup á fiskiskipum, að óbreytt kerfi gildi áfram um nánustu framtíð, heldur verði að gera ráð fyrir, að það sæti breytingum.

19. maí 1993 hafi svokölluð „tvíhöfðanefnd“ skilað álit um mótun fiskveiðistefnu, en nefndin var skipuð í ágúst 1991 til þess m. a. að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Tvær af aðaltillögum nefndarinnar hafi annars vegar verið að setja utankvótategundir í aflamark, m. ö. o., að steinbítur yrði settur í kvóta, og hins vegar að afnema línutvöföldunina. Þessar tillögur „tvíhöfðanefndarinnar“ hafi verið ýtarlega kynntar, m. a. á tíu fundum í öllum kjördæmum. Um línutvöföldunina sé einnig rétt að minna á, að árið 1994, ári áður en kaup þau, sem hér er deilt um, voru gerð, hafi verið gerð veigamikil breyting á reglum um línuveiðar með lögum nr. 87/1994, þegar línutvöföldunin svokallaða var takmörkuð við 34.000 tonn, þ. e., þegar þeim heildarafla væri náð, teldist allur aflinn til aflamarks. Skýrsla „tvíhöfðanefndarinnar“ hafi verið birt sem fylgiskjal með frumvarpi til þeirra laga. Þá liggi frammi í málinu tillaga frá aðalfundi LÍÚ 1993, þar sem skorað sé á stjórnvöld að afnema línutvöföldunina. Aðilum þessa máls hlaut eða mátti a. m. k. vera ljóst, að hér var um umdeild atriði að ræða, sem kynni að verða breytt, hvenær sem væri.

Því er mótmælt, að stefndi hafi felld á sig bótaskyldu, þegar hann hafnaði tilmælum stefnanda um að flytja umræddar aflaheimildir af bát stefnda með bréfi, dags. 23. október 1996. Hvergi standi í samningum, að stefnandi hafi áskilið sér rétt til þess afla, sem kynni að verða úthlutað á bátinn á grundvelli aflareynslu, frá því að báturinn var í hans eigu.

Stefndi hafi keypt bát með veiðiheimild eða veiðileyfi og því réttur viðtakandi og lögmætur eigandi aflahlutdeilda, sem miðuðu að því að gera skipið jafnsett um afkomu og það hafði verið skv. eldri reglum. Stefndi hefur því hvorki aðhafst neitt ólögmætt, sem felld geti á hann skaðabótaskyldu, né hafi hann getað vanefnt samningsskyldur, sem engar voru.

Þá sé því mótmælt, að kaupsamningi aðila verði víkið til hliðar með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Það geti ekki talist ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, að stefndi fái heimild til að veiða álíka mikið og hann gat veitt m. v. þær reglur, sem giltu, þegar hann keypti bátinn, eða að hann hlíti þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma um fiskveiðistjórnun.

Báðir aðilar hafi starfað við útgerð um árabíl og samningurinn gerður hjá löggiltum fasteigna- og skipasala. Efni hans hafi verið venjulegt á þeim tíma og engin sérstök atvik við samningsgerðina, sem réttlætt geti ógildingu hans, enda verði ógilding hans ekki studd síðar tilkomnum atvikum. Loks sé vísað til þess, að með hliðsjón af hagsmunum viðskiptalífsins og almennu réttaröryggi verði að beita ógildingarákvæði 36. gr. samningalaga með mikilli varfærni. Um dóma Hæstaréttar 1995, bls. 1161 og 1162, sé það að segja, að atvik þar eru með allt öðrum hætti og þeir ekki fordæmi um mál þetta.

Um sjónarmið stefnanda um forsendubrest og óréttmæta auðgun stefnda á viðskiptunum sé af hálfu stefnda vísað til þess ákvæðis 18. gr. kaupalaga nr. 39/1922, að seljandi eigi þann ágóða, sem seldur hlutur ber, áður en hann er afhentur, en kaupandi eftir þann tíma. Þessi regla sé ítrekuð í 5. gr. kaupsamningsins. Þá verði einnig að hafa það hugfast, að stefndi hafi ekkert auðgast á þessum viðskiptum, þar sem afkomumöguleikar bátsins séu hinir sömu eða lakari en áður, sbr. hér að ofan. Kröfugerð stefnanda sé mótmælt, bæði grundvelli hennar og fjárhæð.

Fyrir dómi gáfu aðilaskýrslur Stefán Egilsson og Sindri Már Björnsson. Guðmundur Sveinsson, löggiltur endurskoðandi, Jón Ólafur Þórðarson hdl., Brynjar Ívarsson skipasali og Björn Jónsson, forstöðumaður kvótamiðlunar LÍÚ, gáfu vitnaskýrslur.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Með kaupsamningi, dags. 9. janúar 1995, keypti stefndi mb. Egil, BA-468, sem er 23 tonna eikarbátur, af stefnanda. Var báturinn afhentur stefnda sama dag. Hinn 7. apríl s. á. afsalaði stefnandi bátnum til stefnda. Í kaupsamningi og afsali stendur, að báturinn sé seldur án aflahlutdeildar, en með veiðiheimild.

Af hálfu stefnanda kom Stefán Egilsson fram við kaupin, en Sindri Már Björnsson af hálfu stefnda. Báðir eru þeir eigendur og framkvæmdastjórar þeirra fyrirtækja, sem hlut eiga að máli. Milligöngu um kaupin hafði Skipasalan Batar og búnaður í Reykjavík. Í eignartíð stefnanda var báturinn m. a. gerður út til línuveiða.

Fyrir liggur, að við kaupin var ekki rætt sérstaklega um, hvaða skilningur væri lagður í hugtökin aflahlutdeild eða veiðiheimild í samningi aðila. Stefán Egilsson kvað hér fyrir dómi sinn skilning hafa verið þann, að verið væri að selja bátinn án kvóta. Báturinn hefði hins vegar verið seldur með veiðiheimild, þ. e. leyfi til að stunda veiðar í íslenskri lögsögu á þeim tegundum, sem heimilt væri að veiða. Á þeim tíma, sem kaupin voru gerð, kvað hann

umræðu um línutvöföldunina ekki hafa verið meiri en áður. Menn hafi hins vegar ekki talið, að hún yrði afnumin, og aldrei hafi verið minnst á að setja kvóta á steinbít.

Sindri Már Björnsson skýrði svo frá, að af hálfu stefnda hefði verið ráðist í kaupin til að fá stærri bát og betri, m. a. til að stunda línuveiðar. Vegna tjóns, sem orðið hafði á bátnum fyrir kaupin, hefðu línuveiðar ekki verið stundaðar á honum það veiðitímabil. Vegna breytinga á öðrum bát fyrirtækis stefnda hefðu ekki heldur verið stundaðar línuveiðar á bátnum næsta veiðitímabil. Skilningur hans á hugtakinu aflahlutdeild í samningi aðila var sá, að aðeins væri átt við kvóta, en ljóst hefði verið, að hann átti ekki að fylgja bátnum. Veiðiheimildin hefði hins vegar fylgt, enda hefði ekki verið unnt að gera bátinn út án hennar. Hefði verð bátsins verið við það miðað. Öll aflareynsla bátsins sé í veiðiheimildinni, nema annað sé tekið fram. Um það leyti, sem kaupin urðu, hafi verið mikil umræða um línutvöföldun. Ekki hafi verið búist við, að hún yrði afnumin og miðað við aflareynslu. Ef svo hefði verið, hefði bátnum verið haldið til línuveiða til að fá aflareynslu. Sindri Már taldi, að eftir að línutvöföldun var afnumin, væri báturinn minna virði en áður, enda kæmu línuveiðar á bátnum ekki til álita nú af hagkvæmniástæðum.

Þegar kaupin fóru fram, voru í gildi lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Í 6. mgr. 10. gr. laganna sagði efnislega, að fiskur, sem veiddist á línu mánuðina nóvember til febrúar, skyldi aðeins að hálfu talinn til aflamarks, þar til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefði náð tilteknu hámarki, sem tiltekið var í lögnum. Þetta fyrirkomulag gekk almennt undir heitinu línutvöföldun. Með lögum nr. 105/1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 var fyrri málslíður 6. mgr. 10. gr. felldur brott, þ. e. línutvöföldunin var afnumin. Á grundvelli ákvæðis II til bráðabirgða í lögnum reiknaði Fiskistofa bátnum sérstaka viðbótaraflahlutdeild í hlutfalli við veiddan línuafli hans fiskveiðiárin 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996, sem nam 60 af hundraði þess hluta aflans, sem ekki taldist til aflamarks. Þá var bátnum úthlutað aflahlutdeild í steinbít, sem með ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 362/1996 var felld undir kvótabundnar tegundir. Í reglugerðar-ákvæði þessu stendur, að hafi veiðileyfi verið flutt milli skipa, fylgi aflareynslan veiðileyfinu.

Dómurinn telur, að skýra verði orðið veiðiheimild í samningi aðila sem veiðileyfi í skilningi 4. gr. laga nr. 38/1990, en þar segir: „Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.“

Samkvæmt 7. gr. laganna eru veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem

ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum, sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. greinar. Í 2. mgr. 7. gr. segir, að veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildaraflí er takmarkaður af, skuli úthlutað til einstakra skipa. Skuli hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips, og haldist hún óbreytt milli ára. Í 4. mgr. segir, að aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ráðist af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. laganna. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir, að verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra, sem samfelld veiðireynsla sé á, en hafi ekki áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skuli aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Pegar aðilar málsins sömdu um kaup á mb. Agli, BA-468, hafði lengi farið fram opinber umræða um afnám línutvöföldunar. Báðir samningsaðilar máttu af henni vita, enda gerðu þeir út báta til línuveiða.

Stefnandi seldi stefnda bátinn með veiðileyfi. Í því fólst, að stefndi gat nýtt sér þágildandi ákvæði laga um línutvöföldun. Sá réttur var afnuminn með lögum og bátnum úthlutað aflahlutdeild, svo sem áður hefur verið lýst. Í álití meiri hluta sjávarútvegsnefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 segir, að til að koma til móts við þau skip, sem stundað hefðu línuveiðar síðustu þrjú fiskveiðiár, sé lagt til, að þeim verði reiknuð sérstök viðbótarafhlutdeild í hlutfalli við veiddan línuafla þrjú síðustu veiðitímabil, sem nemi 60 af hundraði af þeim hluta aflans, sem ekki taldist til aflamarks.

Fyrir liggur í málinu, að kaupin áttu sér nokkurn aðdraganda. Hafði stefndi áður gert stefnanda tilboð í bátinn, að fjárhæð tólf milljónir kr., en ekki orðið þá úr frekari samningsgerð. Stafaði það m. a. af því, að til greina kom af hálfu stefnanda að úrelða bátinn. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að báturinn var seldur stefnda á þrettán milljónir. Ljóst er, að hefði báturinn verið seldur Þróunarsjóði sjávarútvegsins til úreldingar, sbr. lög nr. 92/1994, hefði hann verið tekinn af skipaskrá og því ekki komið til úthlutunar þeirrar aflahlutdeildar, sem mál þetta snýst um.

Nauðsyn verndar fiskistofna og tiltölulega lítil reynsla af takmörkun veiða innan fiskveiðilögsögunnar hefur leitt til þess, að lög um fiskveiðar og stjórnun þeirra hafa tekið örum breytingum. Báðir aðilar voru því í nokkurri óvissu um framvindu mála og framtíð línutvöföldunar, þegar kaupin gerðust.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 segir: „Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.“

Ákvæði þetta verður að skilja svo, að átt sé við þá aflahlutdeild, sem fylgdi bátnum, áður en hann var seldur. Í 5. gr. kaupsamnings segir, að kaupandi hirði arð af hinu selda frá afhendingardegi. Er það í samræmi við meginreglu 2. mgr. 18. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Stefnanda bar því að kveða á um það í kaupsamningi, ef ætlun hans var, að aflahlutdeild, sem bátnum kynni að verða úthlutað eftir kaupin í samræmi við þá veiðireynslu, er báturinn hafði aflað sér í línutvöföldun, skyldi renna óskert til hans. Það gerði hann ekki. Þá verður að telja með sömu rökum, að aflareynsla bátsins á steinbít hafi fylgt með í kaupunum, enda ekki undanskilin í kaupsamningi. Samkvæmt þessu er ekki fallist á með stefnanda, að úthlutun viðbótar-aflahlutdeildar á bátinn hafi takmarkað aflaheimildir stefnanda frá því, sem hann áskildi sér í samningi aðila.

Stefnandi reisir varakröfu sína á 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986.

Í 36. gr. segir svo: „Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggæringa. Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til.“

Ekki hefur verið sýnt fram á annað en jafnræði hafi verið með aðilum máls þessa við samningsgerðina, en efni samningsins út af fyrir sig gefur ekki tilefni til, að honum verði víkið til hliðar. Þá er ekki sýnt fram á, að atvik við samningsgerðina gefi tilefni til þess að víkja samningnum til hliðar eða breyta honum. Loks verður að líta til þess, að samkvæmt því, sem að framan er rakið, var það beinlínis í samræmi við lög um stjórn fiskveiða, að úthlutun viðbótar-aflahlutdeildar vegna afnáms línutvöföldunar og úthlutun aflahlutdeildar í steinbít skyldi renna til stefnda. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að miðað verði við 36. gr. laga nr. 7/1936 í máli þessu. Sama gildir um þrautavarakröfu stefnanda. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Mál þetta dæma héraðsdómararnir Valtýr Sigurðsson, Allan Vagn Magnússon og Hjörtur O. Aðalsteinsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ýmir ehf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Flóa ehf. Málskostnaður fellur niður.